



MÁNUDAGUR 26. NÓVEMBER 2018

Lífsstíll

# Aðgangur að helvíti á jörð



Bjarni og Erla Bender una hag sínum vel í Sviþjóð og hafa náð því að vera edrú í rúm fimm ár en áður lifði Bjarni í fjórtán ár á götum Reykjavíkur. MYND: EYÐÓR

100% HREINT  
KOLLAGEN  
FYRIR ANDLITIÐ



Fæst í apótekum, Heilsuhúsinu  
og [www.heilsanheim.is](http://www.heilsanheim.is)

**Breiðhyltingnum Bjarna Bender hlotnuðust lykavöld að helvíti þegar hann tók fyrsta sopann og fór að fíkta við fíkniefni á unglingsaldri.**

Ég var skaðað barn þegar ég byrjaði í neyslu, hafði orðið fyrir miklum áföllum og var auk þess ofvirkur. Því var ég á sífelldum flotta undan sjálfum mér og umhverfinu," segir Bjarni sem átti að baki átta vikingameðferðir og hafði reynt öll meðferðarúrræði hér á landi þegar hann varð loks edrú á sænskri grund fyrir hálfu sjötta ári.

„Það var komin regla á daglega drykkju þegar ég var þrettán ára og þegar ég var sautján ára sagði pabbi að ég ætti að ihuga að fara í meðferð. Eg leit á hann og hugsaði: „Mikið rosalega er hann ruglaður, þessi kall.“ Hann var þjónn og á þeim tíma fóru margir þjónar og kokkar í meðferð og eignuðust gott

líf þegar vel tókst til," segir Bjarni sem var vinsæll til vinnu og sótti sjóinn eftir grunnskóla.

„Ég var sextán ára farinn að smygla kjúklingum, afengi og talstöðvum af þýsku leiguskipi, en svo fór ég sjálfur til sjós. Þá fór maður blindfullur um borð en í þá daga dóu allt að fjórir menn á ári eftir að hafa dottið á milli skips og bryggju. Ég sóttist mjög í útleiguskipin og oft var skipstjórninn sá eini edrú um borð þegar dallurinn fór frá bryggju og maður vann í trollunum á skallanum. Fíknin var stjórnlaus. Fyrstu dagana var maður þunnur, svo pirraður í miðjum tór en restina af túrnunum réði maður sér ekki af kæti yfir því að vera á leið í land þar sem maður gat gleymt öllu og

eytt laununum í vímu og eignast ekki neitt," segir Bjarni sem í landi kynntist ölkunum alltaf fyrst þar sem hann bjó á hverjum stað.

„Ég flutti oft en það var alveg sama hvar ég dvaldi á landinu, ég var alltaf á flotta undan sjálfum mér. Um leið og ég fékk mér fyrsta glasið gat ég ekki stoppað. Ég flúði undan óberilegum minningum um kynferðislega misnotkun og óstjórninni í sjálfum mér, vitandi hvað var rétt en ekki ráðandi við tilfinningarnar. Ég varð aldrei fullgild manneskja og kvaldist af nagandi samviskubiti dagana langa, yfir því hvað ég var búinn að gera af mér, hvað ég var búinn að vera

**Framhald á síðu 2 ➔**



# CYBER MONDAY

## 60% AFSLÁTTUR AÐ LÁGMARK!!

Lægsti afslátturinn á Cyber Monday tilboðunum er 60%!



**60%**

**2.760 kr.**

30 mínútna vöðvabólgunudd hjá Heilsudrekanum. **Áður 6.900 kr.**



**64%**

**999 kr.**

Tælaenskt kvöldverðarhlaðboró á Rakang. **Áður 2.800 kr.**



**70%**

**6.840 kr.**

Sjónmæling og gler frá Pro Optik. **Áður 22.800 kr.**



**62%**

**9.999 kr.**

Gisting fyrir tvo ásamt morgunverði á Hótel Borealis. **Áður 26.000 kr.**



**90%**

**490 kr.**

Rafþækurnar vinsælu um mataræði eftir Gunnar Má. **Áður 4.900 kr.**



**70%**

**1.199 kr.**

Leikfangabíll sem eltir strik sem bömin teikna. **Áður 3.990 kr.**

ADÉINS Í  
24 TÍMA

# HÓPKAUP

SJÁÐU ÖLL CYBER MONDAY TILBOÐIN Á [WWW.HÓPKAUP.IS](http://WWW.HÓPKAUP.IS)

[www.hopkaup.is](http://www.hopkaup.is)  
Smáratorg 3, 201 Kópavogi  
samband@hopkaup.is

